



FORELDRAFÉLAG ÁLFHÓLSSKÓLA

Fréttabréf stjórnar <http://alfholsskoli.is> sjá: foreldrar

1 tölubl. 2010

ffalfhol@gmail.com

Kynning á stjórn

Foreldrafélag Álfhólsskóla var formlega stofnað á aðalfundi 27. september 2010. Á fundinum var Sigurður Grétarsson kosinn formaður. Sex manns voru kosnir í stjórn og þrír varamenn.

Á fyrsta fundi nýskipaðar stjórnar, sem haldinn var 6. október, skipti stjórnin með sér verkum. Auk formanns er stjórnin skipuð og verkskipt svona: Karen Jenný Heiðarsdóttir varaformaður, tengiliður við röltnefnd og elsta stig. Reynir S. Gylfason meðstjórnandi, tengiliður við nemendaráð og elsta stig.

Lárus Axel Sigurjónsson gjaldkeri og tengiliður við yngsta stig. Hildur Kristín Sveinsdóttir ritari og tengiliður við yngsta stig. Særún Sigurjónsdóttir meðstjórnandi, fulltrúi í skólaráði og tengiliður við miðstig. Selma Guðmundsdóttir meðstjórnandi og tengiliður við miðstig. Varamenn eru Sólveig B. Hlökkversdóttir, Kristín Andrea Einarsdóttir og Lára Guðrún Gunnarsdóttir. Einnig kemur Sólveig að heimasíðu foreldrafélagsins.

Hægt er að koma fyrirspurnum til okkar á netfangið: ffalfhol@gmail.com

Fulltrúaráðsfundur

Þann 17. nóvember sl. var haldinn fyrsti fulltrúaráðsfundur foreldrafélags Álfhólsskóla. Á fundinn voru boðaðir allir bekkjarfulltrúar, fulltrúar foreldra í skólaráði og stjórn foreldrafélagsins. Fundarstjóri var Helga Margrét Guðmundsdóttir frá Heimili og skóla. Stjórnin kynnti sig, hlutverk sitt og hverjir hefðu tengsl við hvaða stig. Helga Margrét talaði um hlutverk bekkjarfulltrúa og hvernig boðleiðir væru frá þeim og upp í bæjarstjórn. Hún talaði einnig um mikilvægi foreldrasamstarfs fyrir skólann. Einnig var farið yfir hlutverk foreldrafélaga eins og kveðið er á um í grunnskólalögum. Þá var farið sérstaklega í 5. grein laga foreldrafélags Álfhólsskóla sem kveður á um að hlutverk bekkjarfulltrúa sé að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hvernar bekkjardeildar með nánu samstarfi við umsjónarkennara. Í lok fundar var því bekkjarfulltrúum fengið það verkefni að halda fund með foreldrum innan bekkja og jafnvel árgangs áður en haldið verður bekkjarfulltrúanámskeið fyrir þá á nýju ári. Foreldrar fá þá tækifæri til að hittast og kynnast. Bekkjarfulltrúum var skipt í hópa eftir stigum með sínum tengiliðum úr stjórn.

Nokkrum spurningum var velt upp og þær ræddar.



Laufabrauðsdagur.

Þann 4. desember var svo haldinn árlegur laufabrauðsdagur. 10. bekkur sá um daginn, ásamt 30 foreldrum og Margréti Ægisdóttur umsjónarmanni félagsmiðstöðvarinnar. Stjórn foreldrafélagsins hélt utan um skipulagsvinnuna. Þetta var einstaklega vel heppnaður dagur. Foreldrar nutu þess að skera út laufabrauð og skreyta piparkökur. Hægt var að kaupa sér góðgæti í kaffisölu 10. bekkjar. Þ sveit Skólahljómsveitar Kópavogs kom og spilaði jólalög og hélt þannig uppi miklum hátíðarbrag.

Að lokum óskar stjórnin öllum foreldrum og forráðamönnum gleðilegra jóla með ósk um gott samstarf á nýju ári!!